

Sp. 686. Tillaga til þingsályktunar [354. mál]

um jafna skólaskyldu.

Flm.: Arndís Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita allra leiða til að jafna skólaskyldu þannig að árið 1990 verði allir grunnskólar í landinu níu mánaða skólar. Enn fremur að ríkisstjórnin undirbúi breytingar á grunnskólalögum sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að ná þessu markmiði.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytis hafa nú 75,79% allra grunnskólanemenda níu mánaða skóla. 24,21% nemenda búa við skemmri skólatíma. Eftir könnunum, sem gerðar hafa verið á árangri nemenda á prófum, virðist vera fylgni milli árangurs og skólatíma. Þeir skólar, sem starfa skemur en níu mánuði, eru allir utan höfuðborgarsvæðisins. Utan þess svæðis er einnig merkjanlegur munur að þessu leyti sem erfitt er að útskýra.

Það er í anda grunnskólalaganna og yfirlýstrar menntastefnu stjórnvalda að allir skuli hafa jafna aðstöðu til náms. Hér er því í senn um að ræða jafnréttismál og mikilvægt byggðamál.

Kostnaðarauki ríkis og sveitarfélaga yrði óverulegur þó að sú skipan yrði tekin upp sem hér er lögð til. Lengd starfstímans í skólum hefur ekki áhrif á laun kennara. Kostnaðaraukinn felst því eingöngu í kostnaði við skólaakstur og þá þætti í rekstri skólahúsnæðis sem eru breytilegir eftir því hvort skólinn er starfandi eða ekki. Hér er um að ræða mikilvægt en auðtekið skref í þá átt að gera ríkjandi menntastefnu trúverðuga.